

16 vera úr góðu grjóti og vandlega steinlímdur utan og innan; allt efni í húsið
17. febr. vandað og máttarviðir nægilega sterkir; bárujárnsþakið sje ekki þynnra en nr. 24 og sje lagt á samfellda bordasúð; til skjóls skal húsið vera pappalagt undir ytra byrði og vel málað að innan og einnig að utan; í húsinu skal vera múr-pípa vel hlaðin neðan frá kjallaragólfi og skal því fylgja eldavjel og að minnsta kosti 2 ofnar.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

17 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lantökuleyfi handa**
19. febr. **prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prófastsins í Norðurmúlaprófastsdæmi, síra Einars Jónssonar í Kirkjubæ, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prófastur taki allt að 6000 kr. embættislán úr vidlagasjóði upp á pre-takallið, til þess að byggja á prestsetrinu 2 hús jafnhliða, annað timurhús að mestu, tvíloftað, 21 al. á lengd og 12 al. á breidd, með kjallara undir, 8 álna löngum og 6½ al. breiðum í botninn og járnþaki á öllu húsinu, torfveggjum í stöfnum upp að nedri bitum og í þeirri hliðinni, sem veit að hinu húsinu og sem ætlazt er til að verði sameiginlegur veggur fyrir bæði húsin, hitt húsið jafnlangt hinu fyrra, en að eins 6 álna breitt, með torfþaki, torfveggjum og torfstöfnum, og með því fyrirkomulagi að öðru leyti og herbergjaskipun, er getur um í brjefi prófastsins, dagsettu 17. des. f. á. Ennfremur er lantökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins eigi verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri sköðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsin sjeu fullgjörð og í áskildu standi, að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lantökudegi að telja með 6% árlega af hinnu upphaflegu upphæð, að sannað verði á fulltryggjandi hátt að húsin sjeu traust og vel vönduð, að húsin með eldavjel og nauðsynlegum ofnum komi í stað bæjarhúsa þeirra á prestssetrinu, er brunnu aðfaranóttina til hins 7. oktbr. f. á. og verði þannig eign prestakallsins, að presturinn haldi húsunum í áreiðanlegri váttryggingu fyrir að minnsta kosti 7000 kr. og að presturinn eða dánarbú hans skili húsunum við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þar sem nefndur prófastur hefir skotið því undir minn úrskurð, hvort kirkjan sem landsdrottinn muni eptir 16. gr. ábúðarlaganna frá 12. janúar 1884 vera skyld til að taka þátt í kostnaði við endurbygging stadarins, þá er jeg hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum alveg samdóma um það, að sú skylda verði eigi á kirkjuna lögð, sjerstaklega með hliðsjón af lögum 22 maí 1890, um meðferð á fje kirkna, og þeirri praxis, er myndazt hefir í þessu efni á hinum síðari árum.

Þetta er stiptsyfirvöldunum þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

18 **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um að eigi skuli greiða toll**
23. febr. **af tinctura arnicá.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. nóvbr. f. á., hafði þjer,